

Vinir Zippýs - námsþáttur 3: Vináttutengsl

Í þessum námsþætti læra börnin hvernig maður eignast vini og varðveitir vinasamband og hvernig hægt er að bregðast við einmanaleika og höfnun. Börnin æfa sig í að biðjast fyrirgefningar og sættast við vini sína eftir rifrildi.

Hér eru nokkrar uppástungur um hvernig þið getið komið að liði heima.

Ábendingar

- Hvetjið barnið og hrósið því þegar það sýnir jákvæða tilburði í samskiptum við aðra – deilir með öðrum, réttir hjálparhönd, segir eitthvað fallett, býður öðrum að leika sér með því, gefur gjöf.
- Þegar deilur koma upp skuluð þið láta barnið taka þátt í því að leysa þær. Spyrjið hvað því detti í hug og gangið úr skugga um að það skilji í hverju lausnin felst.
- Ef þið eruð að skipuleggja viðburð eða verkefni fyrir vini barnsins, t.d. veislu, skemmtiferð eða fótboltaleik, getið þið stungið upp á því við barnið að það bjóði líka nýjum vini. Það gæti t.d. verið barn sem er nýflutt í hverfið eða nýr bekkjarfélagi.
- Ef barnið kvíðir því að byrja í nýjum bekk eða hóp getið þið hjálpað því með því að æfa það í því hvernig maður talar við fólk og eignast vini. Þetta auðgar orðaforða barnsins og hugmyndaflug og eflir sjálfstraust þess.
- Ef barnið missir vin getið þið prófað einhverja af eftirtöldum æfingum til þess að hjálpa því við að eignast nýja vini.

Þrjú verkefni

1. verkefni	Velkomin(n)!
Markmið	Að styrkja færni barnsins í að eignast nýja vini.
Hvað tekur þetta langan tíma?	20-30 mínútur.
Hvað þarf að hafa við höndina?	Efni til þess að búa til kort; smákökur eða önnur gjöf.
Hvað á að gera? 	Þegar nýtt barn flytur í hverfið eða byrjar í bekknum getur barnið búið til og sent kort til þess að bjóða það velkomið í hverfið. Það getur líka stungið upp á því að gera eitthvað með nýja barninu – leika sér við það í skólanum eða heima. Þetta er einföld æfing í því að eignast vini. Þið getið beitt svipuðum aðferðum þegar barnið ykkar vill kynnast einhverjum.

2. verkefni	Töfraráðið
Markmið	Að efla færni barnsins við að takast á við einmanaleika og höfnun.
Hvað tekur þetta langan tíma?	15 mínútur.
Hvað þarf að hafa við höndina?	Ekkert.
Hvað á að gera? 	Ung börn slíta oft venskap og eignast nýja vini. Öll vita þau hvernig það er þegar vinur hættir að vilja leika sér við þau. Ræðið við barnið um þær stundir þegar það hefur verið einmana eða fundist því hafnað og spyrjið það hvað það hafi þá gert til þess að láta sér líða betur. Hvetjið það til þess að hugsa sér fleiri leiðir – t.d. að syngja uppáhaldslagið sitt, knúsa bangsann sinn, leika sér með uppáhaldsleikfangið eða hugsa um eitthvað skemmtilegt. Athugið hvort þið getið í sameiningu fundið eitthvað sem barnið getur alltaf haft með sér til huggunar þegar það er einmana eða finnur fyrir höfnun. Þetta getur verið mynd, lítið leikfang eða jafnvel töfraorð. Þessi æfing er sérstaklega gagnleg ef barnið

	finnur fyrir einmanaleika eða höfnun.
--	---------------------------------------

3. verkefni	Vináttukort
Markmið	Að efla færni barnsins í því að viðhalda og rækta vináttu.
Hvað tekur þetta langan tíma?	30 mínútur.
Hvað þarf að hafa við höndina?	Efni til þess að búa til kort.
Hvað á að gera? 	Biðjið barnið að nefna bestu vini sína og útskýra hvers vegna því líkar vel við þá. Aðstoðið það svo við að búa til kort fyrir þessa vini. Hvert kort ætti að endurspegla vináttuna við hvern vin fyrir sig. Ef syni ykkar þykir gaman að spila fótbolta með vini sínum gæti hann teiknað fótboltaleik eða klippt út mynd úr blaði af uppáhaldsleikmanninum sínum. Ef dóttir ykkar og vinkona hennar eru mikið fyrir dýr gæti hún skreytt kortið með myndum af dýrum. Barnið skrifar svo nafnið sitt á kortið og bætir hugsanlega við skilaboðum um vináttuna áður en það færir vini sínum það eða setur það í póst.